



FUNDARGERÐ
2. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , 25. september 2018
og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, .

Fundargerð ritaði: Águst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Eftirtaldir skólastjórnendur og áheyrnarfulltrúar sátu fundinn undir liðum 1-4: Sigrún B. Benediktsdóttir, Sigurgeir Guðmundsson, Sigurjón Bjarnason, Auður Erla Logadóttir, Bæring Jón B. Guðmundsson, Birta Huld Halldórsdóttir, Halldóra Guðlaug Helgadóttir, Guðbjörg Ísleifsdóttir, Rósa Hlín Óskarsdóttir, Sóley Ösp Karlsdóttir og Glódís Guðmundsdóttir. Þá sat fundinn Klara Viðarsdóttir undir lið 5-7. Þá sátu fundinn Valtýr Valtýsson og Águst Sigurðsson sveitarstjórar.

Dagskrá:

1. Mannauðsmál skólanna - 1610046

Í upphafi skólaárs skulu skólastjórar gera fræðslunefnd grein fyrir stöðunni í starfsmannamálum hvað varðar starfsþróun/endurmenntun og leggja fram áætlun fyrir yfirstandandi skólaár.

Skólastjórar grunn- og leikskóla fóru yfir mannauðsmálin, kynntu fjölda kennara og nemenda og greindu frá stöðunni hvað varðar starfsþróun og endurmenntun. Skólastjórarnir lögðu fram gögn um þessi mál sem fylgja með fundargerðinni.

2. Aðstaða og búnaður skólanna - 1610047

Árlega meti skólastjórar þörf fyrir endurnýjun kennslutækja, þörf fyrir annan búnað og húsnaði í samræmi við þróun nemendafjölda og kennsluháttar og upplýsi fræðslunefnd um stöðu mála.

Skólastjórar fóru yfir atriði sem lúta að búnaði og aðstöðu skólanna og þeir hafa lagt fram í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs hjá Odda bs.

3. Ytra mat Grunnskóla Odda bs 2017 - 1701015

Eftirfylgni við umbótaáætlun.

Skólastjórar grunnskólanna kynntu hvernig gengið hefur að fylgja eftir tillögum og ábendingum úr ytra mati.

4. Skólaakstur á aksturssvæði Odda bs - 1709030

Endurskoðun á reglum um skólaakstur.

Farið var yfirir gildandi reglur um skólaakstur. Reglurnar voru ræddar en ekki komu fram neinar ákveðnar tillögur um breytingar. Ákveðið að uppfæra reglurnar og leggja þær fyrir næsta fund stjórnar.

5. Rekstraryfirlit Odda bs 25092018 - 1809023

Rekstur byggðasamlangsins janúar-ágúst 2018 og viðauki 1 við rekstraráætlun ársins.

Farið var yfir rekstur Odda bs janúar-ágúst. Þá var lögð fram tillaga að viðauka 1 við fjárhagsáætlun Odda bs 2018. Með viðaukanum er gert ráð fyrir breytingu á fjárhagsáætlun Odda bs. til hækunar að fjárhæð kr. 8.780.000. Þar af hækka tekjur um 2,92 millj., laun hækka um 10,6 millj., annar rekstrarkostnaður lækkar um 3,4 milljónir, innri leiga hækkar um 1,0 milljón og vaxtagjöld hækka um 3,5 milljónir og er það vegna uppgjörs við lífeyrissjóðinn Brú.

Samþykkt samhljóða.

6. Rekstraráætlun 2019 - Oddi bs - 1808018

Undirbúningur fjárhagsáætlunar, forsendur og skipulag - fundað með skólastjórum.

Farið yfir gjaldskrá Odda bs og gengið út frá því að gjaldskrá breytist í takt við verðlagsbreytingar. Tillaga verði lögð fram á næsta fundi. Áætlað er að funda með skólastjórnendum um fjárhagsáætlun næsta árs þann 16. október nk f.h.

7. Umsókn um námsstyrk til náms í leikskólafræðum. - 1609035

Umsóknir liggja fyrir um námsstyrki til náms í leikskólakennarafræðum sbr. reglur Odda bs.

Fyrir fundinum lágu 3 umsóknir um námsstyrki. Umsóknirnar eru allar í samræmi við reglur Odda bs. og voru samþykktar samhljóða.

Fundargerð yfirlesin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.


Björk Grétarsdóttir

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Haraldur Eiríksson


Ásta Berghildur Ólafsdóttir


Ómar Ólafsson